

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um prestssetur í Þingeyraklausturs brauði. — Í erindi, dags. 20. febrúar p. á., hefur presturinn í Þingeyraklaustri, 10. júní. sjera Þorvaldur Ásgeirsson, beiðst leyfis míns til að mega sitja fyrst um sinn á eignarjörð sinni Hnausum, þó að svo sje ætlast til í lögum 4. nóv. 1881, um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla, að presturinn í Þingeyraklaustri sitji í Steinnesi, og jafnframt hefur hann, útaf ágreiningi, sem þar um hefur orðið milli hans og stiptsyfirvaldanna annarsvegar og umboðsmanns Þingeyraklaustursumboðs og amtmannsins í norður- og austuramtinu hinsvegar, óskað þess, að hann, ef hið umbeðna leyfi fengist, mætti halda umsjón og byggingarráðum yfir Steinnesi, og þannig eiga þangað apturkvæmt þegar hann vildi.

Útaf þessu skal hinum heiðruðu stiptsyfirvöldum hjermeð þjónustusamlega tjáð, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir ofan nefndum presti, að jeg ekki hef neitt á móti því, að hann sitji fyrst um sinn á Hnausum í staðinn fyrir á hinu fyrirskipaða prestsetri, Steinnesi, og að jeg álít rjett, að hann haldi umsjón og byggingarráðum yfir nýnefndri jörðu, sem er útlögð til prestseturs í Þingeyraklaustri með ofan nefndum lögum frá 4. nóv. 1881, meðan hann er prestur í þessu brauði, en það er vitaskuld, að hann hefur alla þá sömu ábyrgð gagnvart umboðssjóðnum, bæði hvað snertir afgjald af jörðinni og viðhald hennar, eins og hann væri sjálfur ábúandi á henni.

Brjef landshöfðingja til landfógetans um lán til byggingar skólahúss á Vestmannaeyjum. — Með þessu brjefi veitti landshöfðingi Vestmannaeyjasýslu 1500 kr. lán 11. júní. úr viðlagasjóði til byggingar skólahúss þar á eyjunum, og skyldi lánið endurborgast og ávaxtast á 28 árum með 6% árlega af hinni upprunalegu upphæð þess.

2 brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um lán til húsgerðar handa 2 embættismönnum. — Með þessum brjefum samþykkti ráðgjafinn, að kennara 13. júní. við gagnfræðaskólann á Möðruvöllum, Halldóri Briem, og sýslumanni í Suðurmúlasýslu, J. Johnsen væri veitt, hvorum fyrir sig, allt að 4000 kr. lán úr viðlagasjóði, hinum fyrnefnda til byggingar íveruhúss á Möðruvöllum og hinum síðarnefnda til að fullgjöra og stækka hús það, er hann á á Eskifirði, og eiga bæði lánin að veitast með sömu skilyrðum og sett eru í brjefi ráðgjafans 13. apríl f. á. fyrir lánveitingu til húsbyggingar handa Sigurði sýslumanni Jónssyni í Stykkishólmi (Stjórnartíð. 1883 B. bls. 61).

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um það, hvenær landsbókasafninu skuli haldið opnu. — Í þóknanlegu brjefi, dagsettu 28. apríl p. á., hafa hin heiðruðu 14. júní. stiptsyfirvöld skýrt mjer frá því, að stjórnarnefnd landsbókasafnsins, sem þau hafi borið sig saman við útaf brjefi mínu 31. jan. p. á., hafi lagt fyrir Jón bókavörð Árnason að halda landsbókasafninu opnu hvern virkan dag frá kl. 12—2 fyrir þá, sem vilja nota bækur safnsins á lestrarsalnum, og þar að auki þrisvar í viku frá kl. 2—3 bæði fyrir þá, sem vilja nota lestrarsalinn og þá, sem vilja fá bækur til láns úr bókasafninu, en að stjórnarnefndin ekki hafi pótzt geta heimtað af nefndum bókaverði, að hann samkvæmt tilboði hans á sínum tíma hjeldi landsbókasafninu opnu 3 tíma hvern virkan dag, með því að launahækkun sú, sem tilboð þetta var miðað við, eigi var veitt honum að fullu,

14. d. júlímán. 1884.